

# Yfirlitssýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur Ream

## Myndlist

Valtýr Pétursson

Eins og stendur er haldin yfirlitssýning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur Ream. Þetta er veigamikil sýning og spannar yfir þau ár er hún stundaði listgrein sína. Þarna eru byrjendaverk og einnig það er hún vann rétt fyrir hið svipleiga fráfali á besta aldri og í blóma lífsins. Það var mikill missir fyrir íslenska menningu, að starfsaldur Ragnheiðar varð ekki lengri en raun bar vitni. Það er ekki tilgangur með þessum línunum að greina frá lífshlaupi Ragnheiðar, það er nýbúið að því í Lesbók, og vísa ég um slíkar upplýsingar



„Hofsvellir“

í skrif Braga Ásgeirssonar er birtist í síðustu Lesbók.

Þessi yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum, er afar aðlaðandi og sýnir sterkan og svipmikinn listamannaferil, sem einkennist af næmri tilfinningu fyrir sjálfu málverkinu í heild. Er ég tek þannig til orða, á ég auðvitað við hina hressilegu litameðferð og formnotkun, sem eru einkennandi fyrir verk Ragnheiðar. Það merkilega við að sjá hinar eldri myndir Ragnheiðar, er, hve henni virðist það eðlilegt að spila á hið innsta eðli málverksins. Fyrirmyndir hennar verða að aukaatriði, en verka samt sem sterkur þáttur í myndsköpun hennar. Það er þróttmikil litameðferð og ákveðin hrynjandi, sem gerir þessi verk per-

sónuleg og aðgengileg. Það er viss expressionískur tónn í litameðferð Ragnheiðar, sem ótvírátt á sinn uppruna hér í norðrinu. Ljósíð og liturinn í þessum málverkum sverja sig í ætt við hið tæra og litgláða umhverfi, er við lifum og hrærumst í hér á landi. Annar þáttur er einnig áberandi í verkum Ragnheiðar: hin formfasta myndbygging, sem á rætur sínar að rekja til hins abstrakta málverks. Það er mín persónulega skoðun, að enginn geti stundað málverk og haft árangur, nema viðkomandi hafi á einn eða annan hátt haft mikil kynni af þeirri festu og frelsi, sem hið abstrakta málverk er í öllum þáttum byggt á. Ég nefni þetta hér, vegna þess hve vel mér finnst einmitt þessi sannindi koma fram í verkum Ragnheiðar. Nú vita margir, að Ragnheiður hafði sterkar taugar til hljómlistar, og vart að furða, þar sem ætt hennar hefur um langan aldur stundað þá listgrein og átt brautryðjendur í þeirri grein hér á landi. En sannleikurinn er sá, að ekki er langt á millum þessara listgreina, abstraktar málmalistar og hljómlistarinnar.

Einmitt þessi sannleikur virðist mér blasa við á sýningu Ragnheiðar, við þá yfirsýn, sem þarna gefur að líta. Hér blasir einnig við árangur, sem kemur umhverfi okkar nokkuð á annan veg til skila en við erum vön í íslensku landslagsmálverki. Þessa skoðun má styðja á margan hátt, en til að gera skrifíð ekki of langt, skulum við sleppa slíku að sinni. Hitt er svo annað mál, að



Ragnheiður Jónsdóttur Ream

draga má hlutina í hnotskurn og segja: Þetta er bæði merkileg, aðlaðandi og addáunarverð sýning, sem fyrst og fremst ber merki þess, að Ragnheiður Jónsdóttir Ream var afburða myndlistarmanneskja, sem mikil eftirsjá er að. Hún hvarf af sjónarsviðinu, rétt er hún var að hefja störf hér heima eftir langa útivist, öllum til harms, er hana þekktu. En við eigum verk hennar, og er nokkur sárabót í því.

Á þessari sýningu eru 107 listaverk, sem gerð eru með olíu, litum, klippmyndir og teikningar. Mjög vönduð sýningarskrá fylgir þessum verkum og eru í henni tveir formálar, annar eftir Hjörleif Sigurðsson og hinn eftir Adalstein Ingólfsson. Þarna eru litmyndir og ekkert til sparað. Það má segja með sanni, að allur frágangur á þessari sýningu sé þeim til mikils sóma, Jóni Halldórssyni og Donald Ream.

Það er ekki svo auðvelt að taka eitt og eitt listaverk fyrir á þessari sýningu, en samt vil ég benda á No. 34, Kaffibolli, sem sýnir að Ragnheiður gat unnið þröngt og byggt verk sín á hnitmiðaðan hátt. Sama er að segja um No. 31, Kaffibolli á hvítum dúk. Og af landslagsverkum bendi ég á No. 20 og No. 10. Frekari upptalning þjónar engum tilgangi. Flest eru þetta úrvalsverk.

Þeirri morgunstund, sem ég eyddi í að skoða þessi verk, tel ég vel verið, og ég hafði enn meiri ánægju af að sjá þessi verk samankomin en ég hafði búist við. Samt eru mér í fersku minni sýningar Ragnheiðar, og einmitt nú á Kjarvalsstöðum má finna myndir, sem virðast ósjálfrátt hafa brennst í minni manns. Þetta er sýning, sem enginn, sem á annað borð gerir sér grein fyrir hvað íslensk myndlist er, má láta ósæð.

# Teng Go

## Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Heimstyrjöldin 1939—1945: Leiðin til Tokió eftir Keith Wheeler og ritstóra Time-Life bóka. Björn Bjarnason íslenskaði. Almenna bókafélagið 1982.

Eins og nafn þessarar bókar gefur til kynna fjallar hún um innrás Bandaríkjamanna í Japan. Leiðin til Tokió nefnist bókin og segir einkum frá átökum á eyjunum Iwo Jima og Okinawa.

Það er orðið langt síðan maður horfði agndofa á John Wayne og félagar leika stríðshetjur frá Iwo Jima. Nú fær maður að vita það sem raunverulega skeði. Ekki verður það kallaður hetjuskapur að murka niður fólk í fjarlægum löndum eins og bandaríska hermennirnir gerðu, en þeim var veitt eftirminnileg mótspyrna.

Japanir voru ekki á því að tapa stríðinu, þeir vörust af miklum krafti. Övenjulegast við vörn þeirra voru sjálfsmorðssveitirnar, það sem þeir kölluðu sjálfir Teng Go (hina guddómlegur áætlan). Sjálfsmorðssveitirnar hétu Kamikaze. „Að berjast og falla fyrir keisarann“, eins og foringi í líði orustufugmannanna komst að orði, var skylda sannra Japana.

Talið er að 1465 sjálfsmorðsflugmenn hafi farist í árásum á skip: „Tjónið var gifurlegt hjá Bandaríkjamönnum: 120 skip urðu fyrir árásum, 29 sukku, 6.035 sjóliðar særðust og 304 fórust eða týndust.“ Mesta ódæði sjálfsmorðsflugmannanna er talið hafa verið árásum þeirra á sjúkraskipið

Combat sem hlaðið var særðum hermönnum og var lýst upp samkvæmt Gefnarsáttmálanum. Kamikazevél flaug beint á yfirbygginguna og sprengja vélarinnar sprakk í skurðstofunni þar sem lækmar og hjúkrunarkonur voru að störfum. 36 létust og 38 særðust.

Vörn Japana var frækileg, en Bandaríkjamenn drápu þá „smátt og smátt“ eins og Buckner hershöfðingi sagði. Á Okinawa var Ushijima yfirhershöfðingja gefinn kostur á að gefast upp. Honum þótti slíkt vansæmd og kaus að fremja harakiri, kviðristu, ásamt Cho herráðsforingja. Kvöldið áður var efnt til mikillar kveðjuveislu.

Bandarísku drengjunum sem tóku þátt í stríðinu á Iwo Jima og Okinawa er lýst þannig, að stundum gátu þeir ekki tára bundist yfir hörku Japana og ófyrirleitni. En þeir sýndu líka hugrekki, að minnsta kosti sumir þeirra. Á Iwo Jima földu Japanir sig í hellum og gerðu þaðan árásir. Notaðar voru eldvörpur gegn þessum fylgnum og óvinurinn steiktur lifandi með þeim. Í orustu á tindum Suribachifjalls var frægasta ljósmynd stríðsins tekin. Sex menn, fimm landgönguliðar og einn hjúkrunarmaður úr flotanum, reistu bandaríska fánann á fjallinu. Vegna þess hve ljósmyndin var faglega tekin lék grunur á að hún væri fölsuð, en svo mun ekki hafa verið.

Þetta atriði var hápunkur fyrrnefndrar kvikmyndar.

Leiðin til Tokió er lipurlega samín bók og í læsilegri þýðingu Björns Bjarnasonar. Efni hennar er takmarkað við átökin sjálf, innrás Bandaríkjamanna í Japan. Lítið er um herfræðilega þanka og bollaleggingar um aðdraganda stríðsins. Getið er komu Perrys undiradmiráls til Okinawa 1853. Hann stakk upp á því við Bandaríkjustjórn að hún kæmi upp flotastöð á Okinawa. Hugmynd hans vakti ekki áhuga, en tuttugu og fjórum árum eftir að hún var sett fram, lögðu Japanir undir sig eyjuna og gerður hana að útvarðarstöð keisaraveldisins.

## INVITA SÝNING

Hagalandi 4,  
Mostellssveit (við Álafoss)  
laugardag og sunnudag kl. 1 — 6.

**INVITA**  
innréttingar  
í allt húsið

Komið — sjáið og sannfærast um gæðin frá **INVITA**

**ELDASKÁLINN**  
GRENSÁSVEGI 12, 101 REYKJAVÍK  
SÍMI: 91-39520 & 91-39270